



### **3. Ungt fólk sem við upphaf kennsluferils síns hefur sýnt hæfileika og lagt alúð við störf sín**

Linda Heiðarsdóttir lauk B.Ed.- prófi frá Kennaraháskóla Íslands árið 2006 og hóf kennslu þá um haustið við Laugalækjarskóla í Reykjavík.

Linda hefur kennt á báðum aldursstigum skólans, fyrst í 7. og 8. bekk og nú í 9. og 10. bekk. Hún á góð og uppbyggileg samskipti við nemendur sína; foreldrar treysta henni í hvívetna og leita til hennar í erfiðum málum.

Linda hefur mikinn metnað fyrir hönd skólans og hefur verið drifkraftur í innra starfi hans. Má þar nefna framsækin verkefni eins og teymisstarf í 7. og 8. bekk sem og námsmöppukerfi sem þróað hefur verið í skólanum. Tilgangur með námsmöppum er að gera nemendur ábyrga fyrir vinnu sinni og gefa þeim yfirsýn yfir eigið nám. Mappan getur þannig aukið vitund nemenda um eigin stöðu og vinnulag og kennt þeim að meta verk sín. Þar hefur þátttaka Lindu haft afgerandi góð áhrif. Hreinskiptni og hógværð sem og vinnusemi og fagmennska einkenna öll hennar störf.

Linda tekur ótrauð að sér leiðtogahlutverk í hópi jafningja. Þrátt fyrir ungan aldur hefur hún áunnið sér traust þeirra sem hún vinnur með og aðrir kennarar sækjast eftir að vinna með henni. Hún hikar heldur ekki við að tjá stjórnendum skólans skoðanir sínar – ávallt með faglegan metnað að leiðarljósi.

Linda hefur komið fram sem fulltrúi skólans á kynningarfundum með öðru skólafólki og hlotið þar afar góðar móttökur. Er gjarnan óskað sérstaklega eftir henni við slíkar kynningar. Þá er hún virk í félags- og réttindamálum kennara og er nú trúnaðarmaður kennara í sínum skóla.

Linda Heiðarsdóttir er verðugur fulltrúi ungra kennara sem leggja mikla alúð, fagmennsku og metnað í störf sín nemendum til heilla.